

9.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands, jóla-hátíðarfundur, var haldinn 21. desember 2010 á heimili Auðuns Jónssonar og Elínar Guðbjartsdóttur. Auk húsráðenda voru á fundinum Sigurjón, Guðjón, Kári og Gry. Birgir og Hjalti boðuðu forföll. Óskirður Auðunsson heiðraði fundinn með nærveru sinni ☺

Þetta gerðist:

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.
2. Val á kraftlyftingafólki ársins.
Aðgerð: **Gry** birtir valið og sendir til fjölmiðla.
3. Fjármál. Verið er að ganga frá skýrslum til ÍSÍ vegna starfsins á árinu.
Aðgerð: **Kári** heldur áfram með málið
4. Landsliðsmál.
Ákveðið að setja skýr viðmið um þátttöku á mótum erlendis, bæði varðandi árangur og reynslu. Ákveðið að biðja Halldór Jónhildarson um að gera tillögu að slíkum viðmiðum.
Aðgerð: **Auðunn** og **Sigurjón** ræða við Halldór.
5. Íslandsmet.
Ákveðið var að „frysta“ öll gildandi Íslandsmet um áramót og hefja skráningu nýrra meta í nýjum þyngdarflokkum. Ákveðið að setja lágmarks standard fyrir met byggt á willk stigum og meðalstigafjölda núgildandi meta.
Aðgerð: **Kári** reiknar út meðalstigafjölda í hverri grein fyrir sig, öllum aldursflokkum karla og kvenna og leggur fyrir stjórn til skoðunnar og samþykktar.
6. Formannafundur.
Stefnt er að fundi 30. desember.
Aðgerð: **Sigurjón** undirbýr og boðar fundinn.
7. Mál í vinnslu
 - samstarf við Noreg og æfingabúðir unglunga. **Gry** heldur áfram með málið.
 - Good-lift. Málið í höndum **Kára**.
 - Kraftlyftingabing 29. janúar. Haldið áfram með undirbúninginn.
8. Ný félög.
Í undirbúningi er stofnun kraftlyftingafélaga á Seltjarnarnesi og í Garðabæ.
Aðgerð: **Sigurjón** og aðrir stjórnarmenn aðstoðar og leiðbeinir þeim í ferlinu.
9. Önnur mál

Auðunn upplýsti að útlit er fyrir að KRAFT geti misst geymsluaðstöðuna sem við höfum haft aðgang að. Nauðsynlegt að hafa augun opin fyrir aðra möguleika.

Fundi slitið með jólakveðjum kl.19.45